

FRÁ YFIRKJÖRSTJÓRN GARÐABÆJAR

Framboðsfrestur til bæjarstjórnarkosninga í Garðabæ, er fram eiga að fara laugardaginn 26. maí 2018, rennur út kl. 12:00 á hádegi laugardaginn 5. maí 2018.

Yfirkjörstjórn tekur á móti framboðslistum föstudaginn 4. maí nk. kl. 13:00-14:00 og laugardaginn 5. maí n.k. kl. 11:00 - 12:00 á bæjarskrifstofum Garðabæjar, við Garðatorg.

Í samþykktum um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013 kemur fram að bæjarstjórn Garðabæjar skuli skipuð ellefu fulltrúum.

Á framboðslista þurfa því að vera að minnsta kosti 11 nöfn og að hámarki 22 nöfn. Enginn má bjóða sig fram á nema einum lista.

Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að nöfn þeirra séu sett á listann.

Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í Garðabæ. Tilgreina skal nafn meðmælanda, kennitölu hans og heimili. Hver kjósandi má einvörðungu mæla með einum lista við hverjar kosningar. Meðmælendur þurfa að vera að lágmarki 80 en að hámarki 160.

Varðandi nánari skilyrði og fyrirmæli um framboð er vísað til VI. kafla laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Nánari upplýsingar fyrir þá sem hyggjast bjóða sig fram er að finna á vefnum kosning.is.

Garðabæ, 3. apríl 2018
Yfirkjörstjórn Garðabæjar
Þóra Margrét Hjaltested
Jóhann Steinar Ingimundarson
Bjarni Jónsson
Bergþóra Sigmundsdóttir
Sigríður Finnbjörnsdóttir